

Nd.

557. Nefndarálit

[164. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp, er um breytingar á lögum um efnahagsmál, er stjórnin beitti sér fyrir og fékk samþykkt 19. febrúar í vetur. Lagt er til, að útflutningsskattur, er þar var ákveðinn, verði lækkaður úr 5% í 2½% af verði útflutningsvaranna.

Reynslan hefur sýnt, að ekki hefur mátt byggja á því, sem stjórnin hefur haldið fram um efnahagsmálin. Sem dæmi má nefna, að í athugasemdum með fjárlagafrumvarpinu, sem lagt var fyrir þingið 28. jan. s. l., sagði ríkisstjórnin:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða“.

En 9. marz lagði stjórnin fyrir þingið frumvarp um söluskatt, sem fól í sér hækkun á skattinum úr 7.7% af innflutningi í 16.5%, eða meira en tvöföldun hans. Og þessa hækkun samþykktu stjórnarflokkarnir að sjálfsögðu. Ef miðað er við áætlun fjárlaga, nemur þessi hækkun 176 millj. kr. yfir árið, en verður vafalaust meiri, og valda þær álögur mikilli hækkun á verðlagi. Hækkun á framfærslu- og framleiðslukostnaði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar verður því miklu meiri en þeir útreikningar hennar sýndu, er birtir voru með efnahagsmálafrumvarpinu.

Þá hafa upplýsingar ríkisstjórnarinnar um hag útflutningssjóðsins verið mjög á reiki. Í athugasemdum með efnahagsmálafrv., er stjórnin lagði fyrir þingið 3. febr. í vetur, var sagt, að áætlaðar skuldbindingar, er á sjóðnum hvíldu, væru um 270 millj. kr. Til þess að geta greitt þessar kröfur skyldi útflutningssjóðurinn fá:

1. Gengishagnað, er fram kæmi við útflutning á vörum, er til voru í landinu 16. febr. s. l., og var áætlað, að sá gengismunur næmi 150 millj. kr.
2. Útflutningsskattinn, sem var áætlaður 120 millj. á einu ári.

Í sambandi við athugun á því frumvarpi, er hér liggur fyrir, óskaði fjárhagsnefnd upplýsinga um hag útflutningssjóðsins og fékk áætlun, er gerir ráð fyrir, að gengismunurinn á útflutningsvörubirgðunum verði 227.5 millj., en ekki 150 millj., eins og áður var reiknað með. Munurinn er 77.5 millj. Hins vegar eru skuldbindingar sjóðsins nú taldar 23 millj. kr. meiri en áður var áætlað. Nú er talið, að af útflutningsskattinum þurfi 65.5 millj. til að jafna halla útflutningssjóðsins, en ekki 120 millj., eins og áætlað var í febrúar í vetur.

Ríkisstjórnin hélt því fram í vetur, að nýja gengið væri við það miðað, að báta-útgerð til þorskveiða bæri það sama úr býtum og áður með þeim útflutningsbótum, er þá giltu, „að öllum sérbótum meðtöldum“. Stjórnin kvaðst eigi að síður telja „að útflutningsatvinnuvegunum öllum sé það kleift að greiða 5% útflutningsskatt um eins til tveggja ára skeið svo framarlega sem aflabrogð verði sæmileg“.

Útvegsmenn halda því hins vegar fram, að það verð, er þeir nú fá fyrir fiskinn, sé lægra en svo, að þeir beri það sama úr býtum og áður, og þannig hafi útreikningar ríkisstjórnarinnar brugðizt, en á þeim reikningum var álagning útflutningsskattsins byggð.

Við afgreiðslu efnahagsmálafrv. stjórnarinnar í febrúar var borin fram tillaga um heimild til að greiða verðbætur á smáfisk, á tiltekna fisktegundir og sumarveiddan fisk, eins og áður hafði verið gert. Þessa tillögu felldu stjórnarflokkarnir. Af því hefur leitt, að þeir útvegsmenn, er áður nutu þessara sérbóta, fá nú tiltölulega lægra verð fyrir afla sinn en aðrir, samanborið við það, sem áður var, og skortir þannig mest á, að þeir beri það sama úr býtum og áður. Veldur þetta sérstökum erfiðleikum fyrir útgerðina á Norður-, Austur- og Vesturlandi, af því að sá hluti

aflans, sem sérbætur voru áður greiddar á, er þar víða hlutfallslega mikill. — Flyt ég nú breytingartillögu um heimild til að greiða þessar verðbætur.

Í lögum um efnahagsmál voru settar breytingar á lögum frá 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og enn fremur heimild handa ríkisstjórninni til að ákveða vexti hjá stofnlánasjóðum. Hafa síðan verið ákveðnar gífurlegar vaxtahækkanir, sem valda miklum erfiðleikum við framleiðslustarfsemi og framkvæmdir. Ég flyt brtt. um að nema úr efnahagsmálalögnum ákvæðin um vextina. Verði hún samþykkt, koma til framkvæmda þau lagaákvæði um vexti, er í gildi voru 19. febr. s. l.

Fyrir skömmu hefur verið ákveðið að nota heimild í 16. gr. laga um Landsbanka Íslands til þess að fyrirskipa sparisjóðum að afhenda seðlabankanum helming þeirrar sparifjárukningar, sem kann að verða hjá þeim, og sama krafa er gerð til kaupfélaganna um afhendingu á fé innlánsdeilda, samkvæmt ákvæði, er sett var í efnahagsmálalögin í febrúar s. l.

Fjárheimtan frá sparisjóðum og innlánsdeildum hefur, sem eðlilegt er, sætt mjög almennum og ákveðnum mótmælum. Með því að taka þannig fé með valdboði úr héruðunum, þar sem þess er brýn þörf til atvinnurekstrar og uppbyggingar, er verið að stuðla að fólksflóttu frá framleiðslustörfum í sveitum og sjávarþorpum. Þessar hættulegu aðfarir þarf að stöðva nú þegar, áður en meira tjón hlýzt af, og flyt ég breytingartillögu um það.

Breytingartillögurnar flyt ég á sérstöku þingskjali. Legg til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum.

Alþingi, 28. maí 1960.

Skúli Guðmunnsson.